

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. mars 2012 í máli nr. S-1727/2011:

Ákærvaldið

(Fanney Björk Frostadóttir fulltrúi)

gegn

Magnúsi Þór Gestssyni,

(Haukur Örn Birgisson, hrl.)

Ólafi Páli Ólafssyni

(Ingi Freyr Ágústsson, hdl.)

og

Róberti Páli Lárussyni

(Guðmundur St. Ragnarsson, hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars sl., er höfðað af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 29. nóvember 2011, á hendur Magnúsi Þór Gestssyni, kt. 000000-0000, Hjaltabakka 2, Reykjavík, Ólafi Páli Ólafssyni, kt. 000000-0000, Gullengi 33, Reykjavík og Róberti Páli Lárussyni, kt. 000000-0000, Hofakri 1, Garðabæ, fyrir eftirtalin brot:

I.

Á hendur öllum ákærðu fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 2. september 2009, að Hraunbæ 142 í Reykjavík, haft í vörslum sínum, í sölu og dreifingarskyldu, 436 kannabisplöntur og 62,10 grömm af kannabislaufum, og hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur.

Brot þetta er talið varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

II.

Á hendur ákærða Ólafi Pál Ólafssyni fyrir skjalafals með því að hafa í maí 2009, í blekkingarskyni, gert leigusamning um húsnæði við Hraunbæ 142 og þannig komist yfir umráð húsnæðisins, með því að framvísa samningnum með falsaðri undirskrift Guðmundar Víðis Víðissonar í reit fyrir áritun leigutaka og falsaðri undirskrift Fannars Smára Erlingssonar í reit votta að undirskrift, í þeim tilgangi að blekkja leigusala húsnæðisins og villa þannig á sér heimildir.

Brot þetta er talið varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 30/1998.

Er þess krafist að ákærðu verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Einnig er krafist upptöku á ofangreindum 436 kannabisplöntum og 62,10 grömmum af laufum, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Jafnframt er krafist upptöku á fjórum vatnsdælum, einum kassa af steinullarpúðum og einu þriggja fasa millistykki en þessir munir voru notaðir við ræktun plantnanna og voru haldlagðir, samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Ákærðu, Magnús Þór og Róbert Páll, neita sök. Af hálfu verjenda þeirra er krafist sýknu og greiðslu málsvarnarlauna úr ríkissjóði. Ákærði, Ólafur Páll, jatar sök. Af hálfu verjanda ákærða er krafist vægustu refsingar er lög leyfa og greiðslu málsvarnarlauna.

I.kafli ákæru.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá föstudeginum 4. september 2009 höfðu lögreglu borist upplýsingar um að hugsanlega væri verið að rækta kannabisplöntur í íbúð í fjöleignarhúsinu að Hraunbæ 142 í Reykjavík. Samkvæmt þessum upplýsingum væri svalahurð að íbúðinni opin til hálf og hefði hún verið það síðan snemma sumars. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu fóru lögreglumenn á staðinn. Fram kemur að dregið hafi verið fyrir glugga í öllum rýmum íbúðarinnar og að hurð að svölum var opin til hálf. Hafi lögreglumenn knúið dyra án þess að svarað yrði. Til að kanna vettvang nánar hafi lögreglumenn farið upp á svalir við umrædda íbúð. Er þangað kom hafi lögreglumenn veitt athygli ýmsum ummerkjum um framleiðslu fíkniefna, en inn um glugga hafi meðal annars mátt sjá plastbakka sem gjarnan væru notaðir undir litlar kannabisplöntur. Þá hafi mátt finna megna kannabislykt innan úr íbúðinni. Lögreglumenn hafi bankað á svaladyrnar en enginn svarað. Hafi lögreglumenn þá tekið ákvörðun um að fara inn um svaladyr íbúðarinnar. Íbúðin hafi reynst mannlaus. Við yfirferð um íbúðina hafi lögregla sannreynt kannabisræktun í tveim herbergjum. Í öðru þeirra hafi plöntur verið í blómstrun og stutt átt eftir í að vera tilbúnar. Plöntur í hinu herberginu hafi styttra

verið komnar. Er tekið fram að um hafi verið að ræða vatnsræktun en kerfi hafi verið útbúin úr PVC klóakrörum fyrir ræktunina. Ekki hafi á þeirri stundu legið fyrir hverjir væru með íbúðina en fram hafi komið í samtölum við nágranna að þrír íslenskir karlmenn hafi sést koma og fara úr íbúðinni. Á staðinn hafi verið boðaður lögmaður til að tryggja réttindi sakborninga. Þá hafi tæknideild lögreglu komið á staðinn.

Samkvæmt skýrslu tæknideildar lögreglu frá 8. september 2009 var íbúðinni skipt í eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Í svefnherbergi, sem merkt var sem rými 1, hafði verið komið fyrir loftræstikerfi. Gluggar höfðu verið byrgðir og útöndun loftræstikerfisins leidd í glugga. Úr lofti hafi hangið 12 gróðurhúsalampar tengdir við tímarofa. Á trébúkkum hafi verið götuð skólprör. Gróðursettar hafi verið 132 kannabisplöntur. Í gegnum hringrör hafði verið leitt vatn í hringrás til að vökva plönturnar. Í öðru svefnherbergi, rými 2, hafði samskonar kerfi verið komið fyrir. Þar hafi 4 gróðurhúsalampar hangið úr lofti. Í þremur plastkössum á gólfi hafi einnig verið kannabisplöntur í ræktun sem ekki hafi verið tengdar vökvunarkerfi. Í herberginu hafi verið 304 plöntur í ræktun. Vettvangur var ljósmyndaður, en ljósmyndir af honum eru á meðal gagna málsins. Þá hafi plöntur verið skornar niður og myndaðar með kvarða. Þá hafi þær verið settar í plastpoka. Plönturnar hafi verið á bilinu 2 til 163 cm á hæð. Þær hafi verið skráðar í efnaskýrslu nr. 16292. Fram kemur að ein planta hafi verið send til rannsóknar hjá Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu var samtals lagt hald á 436 plöntur í íbúðinni, sem samtals vógu 62,10 grömm.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 16. september 2009 vegna rannsóknar á sýni nr. 16292 var sýni 124,79 g að þyngd við komu. Eftir þurrkun var þyngd þess 32,36 g. Með smásjárskoðun, gasgreiningu á súlu og massagreiningu hafi fundist að sýnið hafi verið kannabis. Magn tetrahydrókannabinóls í þurru sýni hafi verið 11 mg/g, sem samsvari 2,9 mg/g í sýninu fyrir þurrkun.

Föstudaginn 18. september 2009 var tekin skýrsla af skráðum leigutaka að íbúðinni að Hraunbæ 142. Kvaðst leigutakinn ekki vita neitt um mál það sem til rannsóknar væri. Með bréfi sama dag, sem móttekið er hjá lögreglu 22. september 2009, lagði leigutakinn fram kæru hjá lögreglu á hendur þeim er falsað hefði nafn leigutakans á ódagsett eintaks húsaleigusamnings um íbúðina.

Húsaleigusamningur um leigu íbúðar að Hraunbæ 142 liggur frammi í gögnum málsins. Samkvæmt ákvæði í honum skyldi leiga greiðast inn á tilgreindan reikning. Í málinu liggur einnig frammi viðskiptakvittun frá 7. júlí 2009 þar sem ákærði, Ólafur Páll Ólafsson, leggur inn á reikning sem tilgreindur er í húsaleigusamningi 85.000 krónur.

Lögregla fór 21. apríl 2010 að heimili ákærða, Róberts Páls, í þeim tilgangi að boða hann til yfirheyrslu. Í lögregluskýrslu kemur fram að ákærði hafi svarað í dyrasíma er lögregla hafi knúið dyra. Í framhaldi hafi ákærði komið í anddyri fjöleignarhússins. Hann hafi ekki hleypt lögreglu inn heldur farið aftur inn í íbúð sína. Lögregla hafi á ný knúið dyra og ákærði aftur komið fram. Hafi lögreglu þótt hátterni hans undarlegt. Hafi verið farið á leit við ákærða að hann heimilaði lögreglu leit í íbúðinni. Ákærði hafi synjað fyrir það í fyrstu en síðar heimilað leit. Við leit hafi meðal annars fundist pöntunarstaðfesting á gróðurhúsalömpum. Á

meðal rannsóknargagna málsins er pöntunarstaðfesting frá 23. mars 2010. Samkvæmt henni hafa 7 gróðurhúsalampar verið pantaðir hjá tilgreindri verslun í Faxafeni fyrir samtals 369.487 krónur.

Ákærði, Magnús Þór, kvaðst hafa farið með meðákærða, Ólafi Páli, að Hraunbæ 142 í Reykjavík í þrjú til fjögur skipti, en í húnæðinu hafi meðákærði staðið að ræktun á kannabíspöntum. Ákærði kvaðst hafa staðið í þeirri trú að meðákærði stæði einn að ræktuninni og að meðákærði hafi einn átt hugmyndina. Meðákærða hafi ákærði kynnst í gegnum Konráð Lárusson og meðákærða, Róbert Pál, en ákærði og meðákærði, Róbert Páll, hafi verið saman í grunnskóla. Þeir félagarnir hafi allir verið að spila saman tölvuleiki á þessum tíma og þekkt í gegnum það. Meðákærði, Ólafur Páll, hafi tekið húsnæðið á leigu. Hafi ákærði aðstoðað meðákærða við að bera búnað til ræktunar upp í íbúðina. Meðákærði, Róbert Páll, hafi einnig aðstoðað við það. Ákærði kvaðst ekki hafa aðstoðað meðákærða við að setja upp kerfið, eins og tímarofa eða vökvakerfi. Á verkstæði föður ákærða hafi ákærði sýnt meðákærða og Konráð hvernig kerfi til að rækta kannabís virkaði. Hafi ákærði áður verið með slíka ræktun í Engihjalla í Kópavogi, sem hann hafi verið tekinn með. Þá kvaðst ákærði hafa látið meðákærða, Ólaf Pál, hafa 5 iðnaðarlampa úr fyrri ræktun sinni, einhverjar keðjur til að halda kerfinu uppi, eitthvað af steinull og tímarofa. Búnaðurinn hafi verið notaður, en nýr sennilega kostað um 70.000 krónur. Annað hafi meðákærði, Ólafur Páll, sennilega keypt í Byko. Eftir að meðákærði, Ólafur Páll, hafi verið búinn að setja upp kerfið hafi meðákærði leitað til ákærða varðandi ráð við ræktunina. Í þeim tilgangi hafi ákærði komið aftur í íbúðina ásamt meðákærða, Ólafi Páli, en meðákærða hafi verið kunnugt um fyrri afskipti ákærða af sambærilegri ræktun. Hafi meðákærði leitað skýringa á því af hverju blöð af kannabíspöntunni ættu til að beyglast. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað neitt meira um ræktunina heldur en meðákærði þegar uppi var staðið. Hafi því einungis verið um ráðgjöf að ræða. Ákærði kvaðst ekki vita hve oft meðákærði, Róbert Páll, hafi komið í íbúðina, en hann hafi verið í öll þau skipti er ákærði hafi komið þangað. Einhverju sinni hafi meðákærði, Ólafur Páll, beðið ákærða og meðákærða, Róbert Pál, um að fara í íbúðina, en meðákærði hafi haft áhyggjur af því að vökvakerfið læki. Ákærðu hafi ekki verið með lykil að íbúðinni og hafi hurð að henni verið ólæst. Er ákærðu hafi komið í íbúðina hafi verið búið að taka plönturnar niður. Hafi ákærða grunað að meðákærði, Ólafur Páll, hafi vitað af því og að lögregla myndi sennilega handtaka ákærðu í kjölfarið grunaða um ræktunina. Það hafi þó ekki gerst. Síðar hafi ákærði farið aftur í íbúðina, ásamt meðákærða Ólafi Páli, og hafi kerfið þá verið tekið niður. Meðákærði, Ólafur Páll, hafi alltaf verið með lykil að íbúðinni er ákærðu hafi farið þangað með honum. Ekki kvaðst ákærði vita hver hafi átt að fá afrakstur ræktunarinnar. Þá kvaðst ákærði ekki vita hvaðan meðákærði hafi fengið fræ til ræktunarinnar. Ákærða hafi fundist óþægilegt að koma í húsnæðið á meðan ræktunin hafi verið í gangi en ákærði hafi þá verið á skilorði. Hafi það verið dómgreindarskortur hjá ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað til þess að meðákærði, Róbert Páll, hafi verð með lykila að íbúðinni í Hraunbænum. Ekki væri þó útilokað að meðákærði hafi verið með lykil er þeir hafi farið saman til að aðgæta með leka í ræktuninni. Þá hafi ákærða ekki verið kunnugt um að meðákærði, Róbert Páll, hafi látið einhvern búnað í té í sambandi við ræktunina.

Ákærði, Róbert Páll, kvaðst engin tengsl hafa haft við ræktunina í Hraunbænum. Hafi hann þekkt meðákærða, Ólaf Pál, og ásamt honum komið í þrígang í Hraunbæinn. Hafi ákærði staðið í þeirri trú að meðákærði, Ólafur Páll,

stæði einn að ræktuninni. Ákærði kvaðst hafa kynnst meðákærða, Ólafi Páli, í gegnum félagana og tölvuspil, auk þess sem meðákærði hafi um hríð unnið hjá ákærða í járnabindingum. Ákærði kvaðst ekki þekkja til aðkomu meðákærða, Magnúsar Þórs, að ræktuninni. Ákærði vissi þó til þess að meðákærði, Ólafur Páll, hafi sótt ráð til meðákærða, Magnúsar Þórs, varðandi ræktunina. Þá kvaðst ákærði ekki vita hver hafi átt hugmyndina að ræktuninni eða hver hafi komið búnaðinum upp. Ákærði hafi ekki aðstoðað við neitt því tengt. Þá hefði ákærði enga vitneskju haft um hver hafi komið ræktuninni fyrir. Er ákærði hafi komið fyrst í íbúðina hafi verið búið að koma plöntum fyrir. Í eitt skipti hafi ákærði, ásamt meðákærða Magnúsi Þór, farið í íbúðina. Hafi hurð að íbúðinni verið ólæst. Meðákærði, Ólafur Páll, hafi beðið ákærðu um að fara á staðinn en meðákærði hafi staðið í þeirri trú að búið hafi verið að fjarlægja ræktunina. Ekki hafi ákærði haft neina vitneskju um hver hafi átt að njóta ágóða af ræktuninni. Ákærði staðfesti að lögregla hefði lagt hald á pöntunarstaðfestingu á heimili ákærða vegna kaupa á gróðurhúsalömpum. Hafi ákærði einfaldlega verið að skoða þessa hluti, en ekkert meira verið á bak við það.

Ákærði, Ólafur Páll, kvaðst hafa staðið einn að ræktuninni að Hraunbæ 142 og hann sjálfur átt hugmyndina að ræktuninni. Hugmyndina hafi ákærði fengið í mars 2009, en þá hafi faðir ákærða greinst með alvarlegan sjúkdóm og ákærði sjálfur verið í neyslu á þeim tíma. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að vinna fyrir meðákærða, Róbert Pál. Meðákærða, Magnús Þór, hafi ákærði þekkt minna. Ákærði hafi heyrt af því að meðákærði, Magnús Þór, þekkti til ræktunar frá því í Engihjalla í Kópavogi. Kvaðst ákærði hafa leitað til meðákærða, Magnúsar Þórs, með ráð varðandi ræktunina. Meðákærði hafi gefið ákærða búnað í tengslum við ræktunina, en um hafi verið að ræða keðjur, kastara og svamp. Vatnskerfið sjálft og rafkerfi því tengt hafi ákærði keypt í Byko. Ekki kvaðst ákærði muna hve mörg ljós hann hafi verið með í ræktuninni, en hann hafi fengið 4 eða 5 kastara hjá meðákærða, Magnúsi Þór. Meðákærði, Róbert Páll, hafi verið eins konar tengiliður við meðákærða, Magnús Þórs. Ákærði kvaðst ekki áður hafa sett upp viðlíka búnað og tengdist ræktuninni í Hraunbænum. Kerfið hafi hann sett upp einn, þó svo nokkrir vinir ákærða hafi aðstoðað hann í upphafi. Meðákærðu hafi ekki tekið þátt í því. Er ákærði var ítrekað spurður um þetta af verjendum meðákærðu kvað hann meðákærðu eitthvað getað hafa aðstoðað við að koma búnaðinum upp í íbúðina. Ekki kvaðst ákærði hafa velt fyrir sér hve mikið magn af kannabis hann fengi út úr ræktuninni. Ákærði kvaðst hafa fengið nokkra afleggjara í ræktunina í gegnum leiðir er hann hafði. Hafi hann sjálfur sett kannabispönturnar í kerfið. Um tíma hafi ákærði haldið að kominn væri leki í kerfið. Hafi hann beðið meðákærðu um að fara að aðgæta með það. Það hafi sennilega verið í september 2009. Ákærði kvað sig þó hafa grunað að búið væri að taka kerfið niður og því hafi hann ætlað að koma sök á meðákærðu í málinu. Ákærði kvaðst telja að meðákærðu hafi komið tvisvar til þrisvar sinnum í íbúðina. Ákærði kvaðst einn hafa verið með lykil að íbúðinni en hurð að henni hafi verið ólæst er ákærði hafi beðið meðákærðu um að fara þangað. Búnaður til ræktunarinnar hafi verið nokkuð dýr. Hafi kostnaðurinn sennilega verið í kringum 2.000.000 krónur. Við það hafi bæst húsaleiga, 85.000 krónur á mánuði. Ákærði hafi ekki haft yfir þessum fjármunum að ráða. Hafi hann fengið fjármuni hjá ýmsum vinum sínum. Þá hafi hann um þetta leyti verið í hálfu starfi hjá Vífilfelli. Ákærði kvaðst hafa ætlað að selja afrakstur framleiðslunnar.

Er ákærði, Ólafur Páll, gaf skýrslu hjá lögreglu 9. febrúar 2010 bar hann að meðákærði, Róbert Páll, og Konráð Lárusson hafi beðið ákærða um að borga leigu

vegna íbúðar að Hraunbæ 142. Ákærði, Róbert Páll, hafi látið ákærða fá reiðufé til að greiða húsaleiguna og reikningsnúmer til að leggja greiðsluna inn á. Hafi ákærði fengið á bilinu 5.000 til 10.000 krónur í hvert skipti sem hann hafi lagt inn leigugreiðslur. Hann hafi sennilega lagt leigugreiðslur þrisvar sinnum inn á reikning. Hafi ákærða grunað að eitthvað ólöglegt færi fram í íbúðinni. Ákærði, Róbert, og Konráð hafi síðar komið að máli við ákærða og spurt hann hvort hann vildi aðstoða þá við aðra ræktun. Hafi ákærði samþykkt það. Sú ræktun hafi átt að vera í samstarfi við ákærða, Róbert Pál, Konráð og ákærða, Magnús Þór. Ræktunin hafi verið undirbúin í húsnæði að Krummahólum í Reykjavík og ákærði unnið að henni. Eftir að ræktunin hafi verið stöðvuð í Hraunbæ hafi meðákærði, Róbert Páll, tjáð ákærða að hann þyrfti ekki að aðstoða lengur við ræktunina. Hafi ákærði aldrei komið að ræktuninni í Hraunbænum. Er ákærði gaf skýrslu á ný fyrir lögreglu 14. maí 2010 lýsti ákærði því að hann hafi í byrjun sjálfur mest verið með ræktunina í Hraunbænum. Meðákærðu hafi hjálpað ákærða við uppsetninguna. Þeir hafi hins vegar ekki aðstoðað við ræktunina. Ákærði kvaðst í fyrri framburði sínum hafa ákveðið að bera á meðákærðu rangar sakir.

Konráð Þór Lárusson kvaðst enga aðkomu hafa átt að ræktuninni í Hraunbænum. Ákærðu væru allir vinir hans og ákærði, Róbert Páll, bróðir hans. Þeir félagar hafi allir spilað tölvuleiki saman og tengst í gegnum það. Konráð kvaðst talsvert hafa verið með ákærða, Ólafi Páli, en minna með ákærða, Magnúsi Þór. Konráð kvaðst ekki hafa vitað hver hafi staðið að ræktuninni að Hraunbænum, en þangað hafi Konráð komið einu sinni. Þá hafi ákærðu einnig verið á staðnum. Konráð hafi einungis skoðað sig um og því næst sest í sófa í stofu. Hafi hann meira verið samferða ákærðu í þetta sinn. Hafi ákærða á sínum tíma grunað að ákærðu stæðu allir að ræktuninni. Hafi hann einfaldlega ekki verið með þetta atriði á hreinu. Konráð gaf skýrslu hjá lögreglu í tvígang sama dag 21. apríl 2010. Í fyrra sinnið kvaðst hann ekkert kannast við ræktunina í Hraunbænum. Í seinni skýrslutökunni síðar sama dag kvaðst Konráð vilja breyta fyrri framburði sínum. Kvað hann ákærða, Magnús Þór, vera með ræktunina. Er Konráð hafi farið á staðinn hafi hann farið með ákærðu, Magnúsi Þór og Róberti Páli. Hafi Konráð tekið mynd af tímastilli sem notaður hafi verið við ræktunina á síma sinn á verkstæði föður ákærða, Magnúsar Þórs. Ákærðu, Magnús Þór, Ólafur Páll og Róbert Páll, hafi boðið Konráð að taka þátt í þessari ræktun en hann ekki viljað það. Ákærði, Magnús Þór, væri heilinn á bak við ræktunina.

Laufey Guðmundsdóttir kvaðst búa að Hraunbæ 142 í Reykjavík. Framkvæmdir hafi verið í gangi við húseignina sumarið 2009. Hafi hún séð drengi er leigt hafi íbúð í húsinu en á virkum dögum kæmi Laufey oft heim í hádeginu. Drengirnir hafi verið kurteisir og yfirleitt tveir saman. Hafi henni verið tjáð að ungir háskólanemar væru með íbúðina á leigu. Hafi henni þótt einkennilegt að ekkert „partýstand“ hafi fylgt þessum ungu háskólanemum. Sumarið 2009 hafi verið heitt sumar. Hafi hún veitt athygli að ávalt hafi verið dregið fyrir glugga í eldhúsi íbúðar drengjanna. Hafi henni þótt það grunsamlegt. Þá hafi hún heyrt hljóð koma frá íbúðinni og hafi verið eins og víftur væru þar sífellt í gangi. Hafi hún hringt til lögreglu og gert grein fyrir þessum grunsemdum sínum.

Berglind Tryggvadóttir kvaðst búa að Hraunbæ 142. Hafi henni þótt einkennilegt að gluggar þessarar íbúðar hafi verið „blokkeraðir“ og að svalahurð að íbúðinni hafi alltaf verið opin, hvort sem var að nóttu eða degi. Ekki hafi hún orðið vör við mikinn umgang um íbúðina. Hafi hún haft vitneskju um að ungir drengir

væru með íbúðina á leigu. Sonur Berglindar, þá á þrettánda ári, hafi sagt henni að hann hafi hitt frænda sinn, ákærða, Róbert Pál, á staðnum. Hafi Berglind mætt ákærða einhverju síðar. Þá hafi Berglindi verið farið að gruna að eitthvað væri ekki eins og ætti að vera. Í eitt sinn hafi hún gengið á eftir ákærða, Róberti Páli, upp stiga í fjöleignarhúsinu, en þá hafi ákærði verið einn á ferð. Hafi hún af ásettu ráði gengið hægt því hún hafi ætlað að reyna að sjá inn í íbúð drengjanna um leið og ákærði færi inn. Ákærði hafi hins vegar af ásettu ráði beðið með að fara inn í íbúðina uns Berglind væri farin fram hjá henni. Ekki hafi hún séð hvort ákærði hafi notað lykil við að komast inn í íbúðina. Berglind kvaðst ekki munu hafa borið kennsl á ákærða, Róbert Pál, nema vegna þess að sonur hennar hafi þekkt frænda sinn. Sonur hennar hafi séð ákærða nokkrum sinnum í Hraunbænum. Berglindi hafi verið tjáð af nágrönnum að drengir þeir er væru með íbúðina á leigu væru fleiri en tveir.

Jón Gunnar Sigurgeirsson lögreglumaður staðfesti þátt sinn í rannsókn málsins. Hafi hann verið einn af þeim lögreglumönnum er farið hafi á staðinn umrætt sinn. Lögreglu hafi borist ábendingar um að eitthvað grunsamlegt væri í gangi í íbúðinni. Á leigusamningi um íbúðina hafi komið fram nafn leigutaka. Sá hafi verið yfirheyrður, en hann hafi ekki virst tengjast málinu. Þá hafi verið upplýst um þann sem greitt hafi húsaleiguna. Það hafi komið lögreglu á sporið. Í framhaldi hafi íbúi í húsinu greint frá því að frændi sonar hennar væri einn af þeim er kæmi í íbúðina. Íbúðin hafi verið læst er lögreglu hafi borið að garði. Hafi lögreglumenn farið inn um svalardyr íbúðarinnar. Hurðin hafi verið lokað með vír, sem klippa hafi þurft á. Jón Gunnar kvaðst þeirrar skoðunar að ólíklegt væri að einn aðili stæði að viðlíka ræktun og hafi verið í Hraunbænum. Talsverða þekkingu þyrfti til.

Jakob Kristinsson prófessor á Rannsóknarstofu í lyfja-og eiturefnafræði staðfesti matsgerð frá 16. september 2009. Miðað við rannsóknir árána 2008 til 2010 hafi magn tetrahýdrókannabínóls í þurru sýni þeirrar plöntu er send hafi verið til rannsóknar mælst talsvert undir miðgildi mælinga þeirra ára. Miðgildið væri 35 mg/g og meðaltalið 40 mg/g. Sú planta er rannsökuð hafi verið hafi reynst vera 11 mg/g.

Niðurstaða:

Ákærðu er gefið að sök fikniefnalagabrot, með því að hafa mánudaginn 2. september 2009, að Hraunbæ 142 í Reykjavík, haft í vörslum sínum í sölu og dreifingarskygni, 436 kannabíspöntur og 62,10 g af kannabíslaufum og að hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað greindar plöntur. Ákærðu, Magnús Þór og Róbert Páll, neita báðir sök. Ákærði, Ólafur Páll, jatar sök. Ákærðu, Magnús Þór og Róbert Páll, hafa fyrir dómi staðhæft að þeir hafi að engu leyti tengst ræktuninni að Hraunbæ 142. Hafi þeir einungis komið þangað í fáein skipti. Ákærði, Magnús Þór, ber að hann hafi veitt meðákærða, Ólafi Páli, tiltekin ráð varðandi ræktunina og lánað honum lampa og fleiri muni til að nota við hana. Að öðru leyti hafi hann ekki komið nærri henni og einskis átt að njóta varðandi afraksturinn. Ákærði, Róbert Páll, staðhæfir að hann hafi ekkert lagt til ræktunarinnar og einskis átt að njóta af henni. Viðurkenna ákærðu, Magnús Þór og Róbert Páll, að þeir hafi í eitt skipti farið inn í íbúðina í Hraunbænum án þess að ákærði, Ólafur Páll, hafi verið með í för en íbúðin hafi þá verið ólæst.

Framburður ákærða, Ólafs Páls, hefur ekki verið á einn veg við rannsókn og meðferð málsins. Þannig staðhæfði hann í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu að meðákærðu hefðu borið ábyrgð á ræktuninni og ákærði í upphafi einungis tekið að sér að greiða húsaleigu fyrir ákærðu inn á tilgreindan reikning. Síðar hafi ákærða verið boðið að taka þátt og þá í tengslum við ræktun annars staðar í Reykjavík. Síðar breytti hann þessum framburði sínum og bar þá að hann bæri einn ábyrgð á ræktuninni í Hraunbænum. Athygli vekur að fyrsti framburður ákærða er nokkuð nákvæmur um tiltekin atriði sem samrýmast rannsóknargögnum málsins. Þannig bar ákærði til að mynda að hann hafi í þrígang greitt húsaleigu fyrir meðákærðu inn á tilgreindan reikning. Samkvæmt húsaleigusamningi um húsnæðið var það leigt frá 1. maí 2009. Ræktunin var tekin niður í framhaldi af hútleit lögreglu 4. september 2009. Kemur þetta nokkuð heim og saman við þennan upphaflega framburð ákærða um fjölda leigugreiðslna. Þá er einnig til þess að líta að framburður vitnisins Konráðs Lárussonar hefur ekki verið á einn veg, en vitni þetta þekkti vel til ákærðu. Staðhæfði hann í skýrslutöku hjá lögreglu 21. apríl 2010 að ákærðu væru allir saman í ræktuninni. Bar framburður hans í það skipti þess engin merki að hann væri að geta sér til um þetta, svo sem hann síðar hefur staðhæft.

Ræktun sú er fram för að Hraunbæ 142 var nokkuð umfangsmikil. Hafði fullkomnum búnaði verið komið fyrir og augljóslega þurft staðgóða þekkingu til að koma honum upp. Þannig tengdist búnaðinum meðal annars tímarofi og án nokkurs vafa þurft kunnáttumann til að ganga frá rafmagnstengingum á honum og öðrum búnaði. Kostnaður við búnaðinn hefur hlaupið á verulegum fjárhæðum, en ákærði, Ólafur Páll, hefur staðhæft að heildarkostnaður við hann hafi numið um 2.000.000 króna. Til viðbótar kemur húsaleiga, en samkvæmt húsaleigusamningi var húsaleiga á mánuði 85.000 krónur. Þrátt fyrir þetta bar ákærði, Ólafur Páll, að hann hafi lítil fjárráð haft og fengið lánaða fjármuni fyrir þessum kostnaði hjá vinum sínum. Hefur hann enga frekari grein getað gert fyrir því. Í þessu ljósi er ósennilegt að ákærði, Ólafur Páll, hafi einn staðið að ræktuninni. Eins og áður sagði virðast verulegir fjármunir hafa verið settir í ræktunina í Hraunbænum og miðað við þá starfsemi sem þar var í gangi þykir einnig ósennileg sú staðhæfing ákærðu að hurð að íbúðinni hafi verið ólæst er ákærðu, Magnús Þór og Róbert Páll, fóru þangað inn án meðákærða. Þykir þetta óræk vísbending um að aðrir ákærðu en ákærði, Ólafur Páll, hafi einnig verið með lykla að íbúðinni. Þá verður að telja ósennilegt að ákærði, Magnús Þór, hafi einskis átt að njóta af ræktuninni í Hraunbænum í ljósi þess að hann lagði töluverðan búnað til við ræktunina. Þá er til þess að líta að vitni sem á þessum tíma bjuggu að Hraunbæ 142 hafa borið að tveir eða fleiri drengir hafi vanið komur sínar í íbúðina í Hraunbænum. Rakst ungur drengur þar ítrekað á frænda sinn, ákærða Róbert Pál, en það leiddi meðal annars til þess að grunur féll á ákærða, Róbert Pál, um að hann tengdist málinu. Þegar til þeirra atriða sem að framan greinir er litið, er það mat dómsins að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi allir átt þátt í því að rækta kannabisplönturnar að Hraunbæ 142 og allir haft þær í vörslum sínum í sölu og dreifingarskyni. Verða þeir því allir sakfelldir samkvæmt I. kafla ákæru og er háttsemi ákærðu rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunni.

II.kafla ákæru.

Ákærði, Ólafur Páll, játar sök samkvæmt II. kafla ákæru. Með vísan til þeirrar játningar hans, sem samrýmist gögnum málsins, verður ákærði sakfeldur samkvæmt II. kafla ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði, Magnús Þór, er fæddur í ágúst 1985. Frá árinu 2002 hefur ákærði gengist undir sátt hjá sýslumanninum í Kópavogi 2003 vegna umferðarlagabrots. Þá var ákærði á árinu 2005 dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til þjófnaðar og gripdeild. Á árinu 2004 var hann dæmdur í 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. laga nr. 19/1940 og brot gegn umferðarlögum. Loks var ákærði dæmdur 18. febrúar 2010 í 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Var hinn skilorðsbundni dómur frá 2007 þá dæmdur upp.

Ákærði, Ólafur Páll, er fæddur í maí 1990. Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé.

Ákærði, Róbert Páll, er fæddur í september 1985. Á árunum 2002 til 2006 var ákærði fimm sinnum dæmdur fyrir brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, umferðarlaga og laga um ávana- og fíkniefni. Þá gekkst hann á því tímabili í tvígang undir sáttir fyrir brot gegn umferðarlögum.

Refsing ákærðu er ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Þá er við ákvörðun refsingar ákærða, Magnúsar Þórs, til þess að líta að refsingin er hegningarauki við refsidóm frá 18. febrúar 2010. Verður refsing í því tilviki ákveðin með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af öllu þessu, hreins sakaferils ákærða, Ólafs Páls, og játningar hans, umfangi framleiðslunnar og magns tetrahýdrókannabínóls í þeim plöntum er voru í ræktun, sæti ákærðu hver um sig fangelsi í 12 mánuði. Með hliðsjón af háttsemi ákærðu verður refsing ekki skilorðsbundin að neinu leyti.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru upptæk gerð til ríkissjóðs plöntur og búnaður eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærðu greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun skipaðra verjanda sinna, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, með þeim hætti er í dómsorði greinir. Við ákvörðun málsvarnarlauna er tekið tillit til þess að ákærða, Ólafi Páli, var skipaður nýr verjandi í upphafi aðalmeðferðarinnar á sama tíma og fyrri verjandi var leystur undan starfa sínum.

Af hálfu ákæruvalds flutti mál þetta Fanney Björk Frostadóttir fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Mál þetta dæmir Símon Sigvaldason héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Magnús Þór Gestsson, Ólafur Páll Ólafsson og Róbert Páll Lárusson, sæti hver um sig fangelsi í 12 mánuði.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 436 kannabisplöntur, 62,10 grömm af laufum, fjórar vatnsdætur, einn kassi af steinullarpúðum og eitt þriggja fasa millistykki, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærði, Ólafur Páll, greiði einn 25.100 krónur í sakarkostnað. Þá greiði ákærðu allir óskipt 106.296 krónur í sakarkostnað. Að auki greiði ákærði, Magnús Þór málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar hæstaréttarlögmanns 225.900 krónur, ákærði, Ólafur Páll, málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Inga Freys Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 138.050 krónur og Reynis Loga Ólafssonar héraðsdómslögmanns 87.850 krónur og ákærði, Róbert Páll, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns 225.900 krónur.

Símon Sigvaldason.